

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Ár 2021, fimmtudaginn 2. september, var haldinn 30. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13.14. Fundinn sátu: Þorkell Heiðarsson, Rannveig Ernudóttir, Bergþór G. Böðvarsson, Björgvin Björgvinsson, Hanna Björk Kristinsdóttir og Lilja Sveinsdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Hallgrímur Eymundsson og Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Tómas Ingi Adólfsson, sem ritaði fundargerð. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundabúnaði: Anna Kristinsdóttir, Bragi Bergsson og Þórdís Linda Guðmundsdóttir.

Petta gerðist:

1. Lagt er fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 9. ágúst 2021, sbr. samþykkt borgarstjórnar frá 12. ágúst 2021, á tillögu um framlengingu á heimildum til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, ásamt fylgiskjölum. R18060129
2. Lagt er fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. júní 2021, með tilkynningu um kosningu borgarstjórnar í aðgengis- og samráðsnefnd. R19040033
3. Fram fer umræða um aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar. R19120168
Dóra Björt Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Fram fer umræða um aðgengismál í Nauthólsvík. R21080168

Starfsmönnum umhverfis – og skipulagssviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu falið að svara erindi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða varðandi aðgengismál í Nauthólsvík.
Samþykkt.

5. Lögð er fram tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 15. október 2020, um störf aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. R20100130
Formanni nefndarinnar og starfsmanni mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu falið að semja drög að svari við erindinu.
Samþykkt.
6. Lögð eru fram drög menningar- og ferðamálasviðs, dags. 5. ágúst 2021, að menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021 – 2030. R21080014

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Aðgengis- og samráðsnefnd tekur undir umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um menningarstefnuna. Auk þess vill nefndin benda á að í kafla 8.3. er ekki minnst á að félagsmiðstöðvar fullorðinna í borginni standi íbúum til boða sem viðburðarými með sama hætti og frístundamiðstöðvar o.fl. húsnæði. Nefndin hvetur til þess að bætt sé úr því.

7. Lögð eru fram drög mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, ódags., að lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar. R18010207
Starfsmanni mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu falið að taka saman ábendingar fulltrúa í nefndinni og vinna umsögn nefndarinnar út frá þeim.
Samþykkt.
8. Lagt er fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 3. ágúst 2021, um drög að tillögu stýrihóps um innleiðingu íbúaráða. R19100342

Starfsmanni mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu falið að taka saman ábendingar fulltrúa í nefndinni við tillöguna og vinna umsögn út frá þeim.
Samþykkt.

- Kl. 15.00 víkja Þorkell Heiðarsson, Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir og Rannveig Ernudóttir af fundi.
- 9. Lagt er fram erindi frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar, dags. 23. júní 2021, varðandi starfsleyfisumsókn vegna þjónustu við fatlað fólk. R21020028

Notendaráð gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi starfsleyfisumsókn.
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 15.10

Björgvin Björgvinsson

Hallgrímur Eymundsson
Bergþór G. Böðvarsson

Lilja Sveinsdóttir
Hanna Björk Kristinsdóttir